

**2010 nr. 100 2. júlí****Lög um umboðsmann skuldara**

**Tóku gildi 1. ágúst 2010 nema brákv. II sem tók gildi 6. júlí 2010.** *Breytt með:* L. 135/2010 (tóku gildi 2. des. 2010). L. 151/2010 (tóku gildi 29. des. 2010). L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 166/2011 (tóku gildi 1. jan. 2012). L. 23/2012 (tóku gildi 27. mars 2012). L. 9/2014 (tóku gildi 1. febr. 2014). L. 12/2015 (tóku gildi 27. febr. 2015). L. 130/2016 (tóku gildi 1. júlí 2017). L. 47/2018 (tóku gildi 26. maí 2018). L. 90/2018 (tóku gildi 15. júlí 2018; *EES-samningurinn*: XI. viðauki reglugerð 2016/679). L. 48/2019 (tóku gildi 26. júní 2019). L. 71/2019 (tóku gildi 5. júlí 2019). L. 137/2019 (tóku gildi 31. des. 2019). L. 38/2022 (tóku gildi 1. júlí 2022 nema 76. gr., a-liður 82. gr., d-liður 177. gr., d-liður 206. gr. og 65. gr. sem tóku gildi skv. fyrirmælum í 215. gr. *EES-samningurinn*: IX. viðauki reglugerð 575/2013, 2015/62, 2016/1014, 2017/2188, 2017/2395, 2019/630, 2019/876, 2020/873).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **félags- og vinnumarkaðsráðherra** eða **félags- og vinnumarkaðsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

□ Embætti umboðsmanns skuldara er ríkisstofnun sem umboðsmaður skuldara veitir forstöðu. Stofnunin, sem heyrir undir [ráðherra],<sup>1)</sup> skal gæta hagsmuna og réttinda skuldara svo sem nánar er kveðið á um í lögum.

□ Hlutverk umboðsmanns skuldara er að:

a. veita einstaklingum sem eiga í verulegum greiðsluferðileikum endurgjaldslauslausa aðstoð við að öðlast heildarsýn á fjármál sín og leita leiða til lausnar,

b. hafa milligöngu um samskipti og samninga við lánar-drottna með hagsmuni skuldara að leiðarljósi,

c. veita atbeina til tilrauna til samninga um greiðsluáðlögun,

d. útbúa framfærsluviðmið og uppfæra það reglulega,

e. taka við erindum og ábendingum skuldara um ágalla á lánastarfsemi og senda áfram til viðeigandi eftirlitsstjórnvalds,

f. gæta hagsmuna skuldara og veita þeim aðstoð þegar við á,

g. veita alhliða ráðgjöf og fræðslu um fjármál heimilanna,

[h. taka ákvörðun um hvort veita skuli fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldprotaskipta samkvæmt lögum um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldprotaskipta].<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 534. gr. <sup>2)</sup> L. 9/2014, 10. gr.

**■ 2. gr.**

□ Ráðherra skipar umboðsmann skuldara til fimm ára í senn sem fer með forstöðu stofnunarinnar og ber faglega, fjárhagslega og stjórnunarlega ábyrgð á rekstri hennar. Skal hann hafa menntun á háskólastigi og búa yfir viðtækri þekkingu og reynslu af málefnum á starfssviði stofnunarinnar.

□ [Um laun og önnur launakjör umboðsmanns skuldara fer skv. 39. gr. a laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins].<sup>1)</sup>

□ Umboðsmaður skuldara stjórnar starfsemi og rekstri stofnunarinnar og ræður aðra starfsmenn. Umboðsmanni skuldara er heimilt að gera þjónustusamning við utanaðkomandi aðila um vinnslu mála fyrir stofnunina. Ef um vinnslu persónuupplýsinga er að ræða skal vinnslan fullnægja skilyrðum [laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga].<sup>2)</sup> Einnig skulu umboðsmaður skuldara og vinnsluaðili gera með sér vinnslusamning í samræmi við [sömu lög].<sup>2)</sup>

□ Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um þjónustusamninga við utanaðkomandi aðila um vinnslu mála fyrir stofnunina þar sem m.a. verði kveðið á um verkefni og fjárhæðir greiðslna.

□ ...<sup>3)</sup>

□ Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um skipulag og starfsemi umboðsmanns skuldara.

<sup>1)</sup> L. 130/2016, 8. gr. <sup>2)</sup> L. 90/2018, 54. gr. <sup>3)</sup> L. 12/2015, 1. gr.

**■ 3. gr.**

□ [Þegar einstaklingur óskar eftir aðstoð umboðsmanns skuldara skal umboðsmaður afla þeirra upplýsinga sem hann telur nauðsynlegar, á því stigi málsmeðferðar sem við á hverju sinni, til að geta sinnt hlutverki sínu samkvæmt hlut-aðeigandi lögum. Upplýsinganna skal afla frá skuldara, opinberum aðilum og einkaaðilum, svo sem um tekjur, gjöld, eignir, skuldir, ábyrgðir, framfærslu- og húsnæðiskostnað sem og framferði einstaklingsins. Ber framangreindum aðilum að veita umboðsmanni skuldara umbeðnar upplýsingar án endurgjalds búi þeir yfir þeim. Upplýsingaöflun umboðsmanns skuldara er háð því skilyrði að hún sé nauðsynleg, að mati umboðsmanns, til að hann geti sinnt hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum.

□ Umboðsmanni skuldara er heimilt að miðla til kröfuhafa viðeigandi upplýsingum sem gefa heildarmynd af fjárhag skuldara þegar slík miðlun er nauðsynleg, að mati umboðsmanns, til að hann geti sinnt hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum.

□ Umboðsmanni skuldara ber að upplýsa skuldara um fyrirhugaða upplýsingaöflun í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, sbr. 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679].<sup>1)</sup>

□ [Sé ekki orðið við beiðni umboðsmanns skuldara um að veita upplýsingar skv. 1. mgr. innan hæfilegs frests getur hann ákveðið að viðkomandi aðili skuli greiða dagsektir þar til upplýsingarnar hafa verið látnar í té.

□ Aðila sem ákvörðun um dagsektir skv. [4. mgr.]<sup>1)</sup> beinist að skal veittur fjórtán daga frestur til að koma að skriflegum andmælum áður en ákvörðun er tekin. Tilkynningu umboðsmanns skuldara um fyrirhugaða ákvörðun um dagsektir og ákvörðun um dagsektir skal fylgja rökstuðningur. Að öðru leyti gilda stjórnarsýslulög um ákvörðun um dagsektir. Ákvörðun skal tilkynnt bréflaga á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Dagsektir falla á hvern dag frá og með fyrsta virka degi frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun þar til upplýsingaskyldu er sinnt og þær falla niður þegar umboðsmaður skuldara telur að upplýsingaskyldan sé uppfyllt. Dagsektir geta numið frá 10.000 kr. til 1 millj. kr. fyrir hvern dag. Við ákvörðun fjárhæðar dagsektar skal m.a. líta til fjölda starfsmanna þess aðila sem ákvörðun beinist að og hversu umsvifamikill viðkomandi atvinnurekstur er.

□ Dagsektir eru aðfararhæfar án undangengins dóms og renna í ríkissjóð].<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 48/2019, 6. gr. <sup>2)</sup> L. 12/2015, 2. gr.

**■ 4. gr.**

□ [Á umboðsmanni skuldara og starfsmönnum stofnunarinnar hvílir þagnarskylda skv. X. kafla stjórnarsýslulaga].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 71/2019, 5. gr.

**■ 5. gr.**

□ [[[Lánastofnanir með starfsleyfi samkvæmt lögum]<sup>1)</sup> um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, [ÍL-sjóður],<sup>2)</sup> lífeyrissjóðir og váttryggingafélög skulu standa straum af kostnaði við rekstur umboðsmanns skuldara með greiðslu sérstaks gjalds í samræmi við ákvæði laga þessara [sem rennur í ríkissjóð].<sup>3)</sup> Hið sama á við um fjármálafyrirtæki sem er stýrt af skilaneftnd, slitastjórn eða bráðabirgðastjórn samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, óháð því hvort við-

komandi fyrirtæki hefur starfsleyfi, takmarkað starfsleyfi eða starfsleyfi þess verið afturkallað, enda [hafi það eða hafi haft veitingu útlána sem fjármögnuð eru með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi eða eignaleigu að meginstarfsemi].<sup>1)4)</sup>

□ Þrátt fyrir 1. mgr. skulu Lánasjóður sveitarfélaga og Bygðastofnun undanþegin greiðslu gjaldsins.

□ Um greiðslu gjaldsins fer samkvæmt lögum um greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara.<sup>5)</sup>

<sup>1)</sup> L. 38/2022, 157. gr. <sup>2)</sup> L. 137/2019, 19. gr. <sup>3)</sup> L. 47/2018, 40. gr. <sup>4)</sup> L. 23/2012, 1. gr. <sup>5)</sup> L. 166/2011, 11. gr.

#### ■ [6. gr.]

□ Heimilt er að kæra ákvarðanir samkvæmt lögum þessum til ráðherra. Um málsmeðferð stjórnýslukæru gilda ákvæði stjórnýslulaga.

□ Þegar ákvörðun um dagsektir skv. [4. mgr.]<sup>1)</sup> 3. gr. er kærð til ráðherra skal ráðherra kveða upp úrskurð eins fljótt og unnt er og að jafnaði innan mánaðar frá því að kæra barst til úrskurðar. Óheimilt er að innheimta dagsektir fyrir en ráðherra hefur úrskurðað í málinu. Dagsektir leggjast ekki á meðan kæra er til meðferðar hjá ráðherra. Staðfesti ráðherra ákvörðun umboðsmanns skuldara um dagsektir halda dagsektir áfram að leggjast á frá og með fyrsta virka degi frá dagsetningu úrskurðar ráðherra.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 48/2019, 7. gr. <sup>2)</sup> L. 12/2015, 3. gr.

#### ■ [7. gr.]<sup>1)</sup>

□ Umboðsmaður skuldara gefur ráðherra árlega skýrslu um starfsemi stofnunarinnar. Þær upplýsingar sem koma fram í skýrslunni skulu vera á samandregnu formi þannig að einstakir aðilar séu ekki persónugreinanlegir. Skýrsluna skal birta opinberlega.

<sup>1)</sup> L. 12/2015, 3. gr.

#### ■ [8. gr.]<sup>1)</sup>

□ Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 2010. Þó öðlast ákvæði til bráðabirgða II þegar gildi.

<sup>1)</sup> L. 12/2015, 3. gr.

### Ákvæði til bráðabirgða.

#### ■ I.

□ Við gildistöku laga þessara skal starfsmönnum Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna boðið starf hjá umboðsmanni skuldara. Um réttarvernd starfsmanna til starfa hjá umboðsmanni skuldara fer eftir ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996 gilda ekki við ráðstöfun starfa samkvæmt þessu ákvæði.

#### ■ II.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> skal þegar skipa þriggja manna starfshóp sem undirbúa skal gildistöku laga þessara, m.a. bjóða starfsmönnum Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna annað starf hjá umboðsmanni skuldara frá 1. ágúst 2010, sbr. ákvæði til bráðabirgða I. Starfshópurinn skal eftir skipan umboðsmanns skuldara vera honum til ráðgjafar um starfsemi stofnunarinnar fyrsta starfsárið.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 534. gr.

#### ■ III.

□ Útreikningi á kostnaði og greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara fyrir þann hluta ársins 2010 sem eftir er þegar lög þessi öðlast gildi skal hátað með sama hætti og kveðið er á um í 5. gr., þó þannig að miða skal við drög að áætlun sem starfshópur samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II gerir eins fljótt og auðið er eftir að löggin hafa verið samþykkt. Fer álagning gjaldsins fram svo fljótt sem unnt er eftir það. [Við gjaldtöku vegna ársins 2010 skal miða við upplýsingar um umfang útlána gjaldskyldra aðila í lok ársins 2009 og skal gjalddagi gjaldsins vera 31. desember 2010.]<sup>1)</sup>

□ Endurskoða skal ákvæði 5. gr. um greiðslu kostnaðar af rekstri umboðsmanns skuldara innan þriggja ára frá gildistöku laga þessara.

<sup>1)</sup> L. 135/2010, 16. gr.

#### ■ [IV.]

□ [Ráðherra er fer með málefni fjármálamarkaðar]<sup>1)</sup> er heimilt að fela umboðsmanni skuldara að hafa eftirlit með útreikningum fjármálafyrirtækja samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XI í lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, óska eftir upplýsingum um forsendur útreikninga og kveða á um úrbætur ef þörf krefur.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 534. gr. <sup>2)</sup> L. 151/2010, 5. gr.